

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Hagsmunir og raforkumál	2
2.1	Hagsmunir skv. fyrirbyggjandi gögnum	2
2.2	Rýni sveitarstjórnar á hagsmunum	2
2.3	Forgangsröðun hagsmuna	5
2.4	Samanburður valkosta m.t.t. hagsmuna	6
3	Umræður á opnu húsi	7

1 Inngangur

Tilgangur vinnustofu þann 15.11.2023 með sveitarstjórn Húnabyggðar var að:

- Kortleggja hagsmuni, áherslur og sjónarmið sveitarstjórnar í tengslum við raforkumál með áherslu á Holtavörðuheiðarlínu 3.
- Nýta greiningu í umfjöllun um samfélagsáhrif í umhverfismatsskýrslu og vinnu við val á aðalvalkosti.
- Nýta greiningu í frekara samtal um hagsmuni sem felast í framkvæmdum.

Fyrirkomulag vinnustofu var á þann hátt að í upphafi voru dregnir fram þeir hagsmunir sem koma fram í fyrirliggjandi gögnum og snúa að Húnabyggð og Norðurlandi vestra. Gögnin sem voru rýnd eru: Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024, Sviðsmyndir um framtíð atvinnulífs á Norðurlandi vestra til ársins 2040, Samgöngu- og innviðaaætlun Norðurlands vestra og Aðalskipulagsáætlanir Blönduósarbæjar og Húnavatnshrepps.

Á vinnustofunni var farið yfir þá hagsmuni sem fram komu í ofangreindum gögnum og lagt mat á það hvort þeir féllu að áherslum sveitarstjórnar. Auk þess lagði sveitarstjórn til fleiri hagsmuni og áhersluatriði sem snúa að raforkumálum beint og óbeint. Eftir það valdi sveitarstjórn fimm hagsmuni sem hún taldi vera hvað mikilvægasta fyrir samfélagið og tengdust raforkumálum. Loks voru valkostir um Holtavörðuheiðarlínu 3 bornir saman við valda hagsmuni og lagt mat á það hvernig valkostirnir (heiðaleiðin, byggðaleiðin og núll-kostur) falli að þeim.

Að mati sveitarstjórnar Húnabyggðar fellur byggðaleiðin best að hagsmunum sveitarfélagsins og að núll-kostur kemur ekki til greina.

Helstu hagsmunir skv. sveitarstjórn Húnabyggðar eru: Tekjur af orkumannvirkjum, nýting orku í sveitarfélaginu, að hefja framkvæmdir sem fyrst og styrkja flutningskerfið milli Blöndu og tengivirkis í Laxárvatni.



Mynd 1 Fyrirliggjandi gögn um margvíslega hagsmuni Húnabyggðar og Norðurlands vestra

2 Hagsmunir og raforkumál

2.1 Hagsmunir skv. fyrirbyggjandi gögnum

Tilgreindir hagsmunir voru flokkaðir í fimm flokka, 1. Raforkukerfið, 2. Orka, 3. Atvinna og nýsköpun, 4. Umhverfi og 5. Aðrir þættir.

Raforkukerfið

Í þennan flokk eru hagsmunir sem snúa að flutningskerfi raforku s.s. afhendingaröryggi, raflínur og tengivirki. Dreifikerfi RARIK fellur hér undir en tengist ekki framkvæmdum vegna Holtavörðuheiðarlínu 3.

Orka

Í flokknum Orka eru hagsmunir sem snúa að orkuframleiðslu, aðgengi að orku, valkostir um framleiðslu orku, verð á orku og orkuskipti.

Atvinna og nýsköpun

Í flokkinn Atvinna og nýsköpun raðast fjölbreytt viðfangsefni sem snúa að atvinnu, atvinnuþróun og mögulegum tækifærum í sveitarfélaginu.

Umhverfi

Umhverfisflokkurinn inniheldur þá hagsmuni sem snúa að umhverfi, náttúruvernd og loftslagsmálum.

Aðrir þættir

Flokkurinn Aðrir þættir er hugsaður fyrir hagsmuni sem falla ekki í ofangreinda fjóra flokka, en tengjast engu síður raforkumálum.

Raforkukerfið	Orka	Atvinna og nýsköpun	Umhverfi	Aðrir þættir
Auka afhendingaröryggi	Aðgengi að orku Orkuskipti	Orka notuð í héraði	Náttúrufegurð	
Styrkja flutningskerfið frá Blöndu	Orkuframleiðsla Stækka Blönduvirkjun	Draga að iðnaðarstarfsemi	Draga úr áhrifum atvinnustarfsemi	
Styrkja meginflutningskerfið	Rannsóka orkukosti á Norðurlandi vestra	Gagnaver	Loftslagsmál	
Prífösun rafmagns	Orkuskipti	Styðja við núverandi atvinnurekstur		
	Hagstætt verð	Landbúnaður Ylraekt		
		Fullvinnsla afurða		
		Ferðaþjónusta		
		Hátæknifyrirtæki		
		Atvinnutekjur		

Mynd 2 Flokkun hagsmuna byggð á fyrirbyggjandi gögnum

2.2 Rýni sveitarstjórnar á hagsmunum

Á vinnustofunni fór sveitarstjórn yfir þá hagsmuni sem höfðu verið skilgreindir samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Sveitarstjórnin bætti við hagsmunum auk þess að skilgreina ítarlegar þá hagsmuni sem þegar höfðu verið tilgreindir.

Raforkukerfið

Sveitarstjórn taldi það miklu máli skipta að kerfið verði byggt upp sem fyrst til að auka afhendingarmöguleika í sveitarfélaginu. Það væri nauðsynleg forsenda til þess að unnt verði að draga að nýja atvinnustarfsemi og styðja við þá sem nú er til staðar, t.d. gagnaver.

Sveitarstjórn telur mjög mikilvægt að tengja saman Blönduvirkjun og tengivirkið í Laxárvatni, til að tryggja aðgengi að orku og að orka sem framleidd er í sveitarfélaginu geti verið nýtt þar. Hluti af slíkum aðgerðum er að stækka tengivirkið, þ.e. að það geti verið 220 kV í stað 132 kV.

Að mati sveitarstjórnar er það styrkur að hafa tvöfalt kerfi, þ.e. að hafa Holtavörðuhéðarlínu 3 og Laxárvatnslínu 1.

Orka

Það er orkuskortur í sveitarfélaginu, sem hefur m.a. tafið frekari uppbyggingu á starfsemi sem þegar er til staðar. Unnið er að því að auka framleiðslugetu á Blöndusvæðinu og eru helstu hagsmunir fyrir sveitarfélagið að orkan nýtist m.a. innan þess. Sveitarstjórn telur mikilvægt að huga að því að þrátt fyrir uppbyggingu flutningskerfis er ekki þar með tryggt að aðgengi Húnabyggðar að orku muni aukast. Landsnet geti því ekki tryggt að Húnabyggð fái aðgang að meiri orku, það sé í höndum orkusala. Húnabyggð hefur engan forgang á nýtingu orkunnar sem framleidd er í héraði.

Ein leið sem Húnabyggð vinnur að til að vinna að auknu framboði orku er nýting glatvarma og hefur sveitarfélagið skrifað undir samning þess efnis við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

Atvinna og nýsköpun

Að mati sveitarstjórnar er grunnur að því að fjölga tækifærum til atvinnuuppbyggingar og -þróunar á svæðinu, að auka afhendingu raforku inn á svæðið. Fyrirtæki og fjárfestar vita að það er engin orka í boði í dag og því er svæðið undir í samkeppni um nýja starfsemi.

Sveitarstjórn benti á þau tækifæri sem hafa verið í umræðu í tengslum við atvinnuuppbyggingu. Þar var m.a. nefnt stækkun gagnavers, grænan iðngarð í tengslum við urðunarsvæðið í sveitarfélaginu, framleiðsla rafeldsneytis og ammoníaks. Þá hafa komið hugmyndir um landeldi.

Sveitarstjórn telur að styrkleiki svæðisins felist m.a. í öryggi, þ.e. sveitarfélagið er utan náttúruvársvæða.

Umhverfi

Sveitarstjórn telur talsverða hagsmuni felast í því ósnortna svæði sem er uppi á heiðunum. Til skoðunar hefur verið að stofna þjóðgarð á hálendinu, sem getur falið í sér ýmis tækifæri í uppbyggingu ferðaþjónustu.

Aðrir þættir

Sveitarstjórn leggur áherslu á að sveitarfélagið fái tekjur af þeim orkuinnviðum sem eru innan sveitarfélagsmarka. Ýmsar hugmyndir hafa verið nefndar s.s. nokkurs konar fasteignaskattur á háspennumöstur og orkumannvirki. Að mati sveitarstjórnar myndi slíkt fyrirkomulag auðvelda og flýta fyrir vinnu við uppbyggingu flutningskerfis og orkuframkvæmda, þar sem það væru skýrir hagsmunir fyrir sveitarfélagið.

Sveitarstjórn leggur þunga áherslu á að hefja sem fyrst framkvæmdir til að styrkja flutningskerfið í sveitarfélaginu, þar sem það er grundvöllur fyrir framvindu í atvinnumálum. Til að flýta framkvæmdum sem kostur er þarf að velja þann valkost sem er líklegastur að hafa stystu málsmeðferð í kerfinu, s.s. varðandi skipulags- og leyfismál, samninga við landeigendur og kærumál. Að mati sveitarstjórnar er byggðaleiðin best til þess fallin að stuðla að stystum undirbúningstíma framkvæmda. Það er mikilvægt að vinna hratt að því að styrkja flutningskerfið þar sem sveitarfélagið, fjárfestar og almenningur getur ekki beðið til 2033 að ástand í orkumálum lagist. Því þurfi að huga að forgangsroðun framkvæmda, sem geti bætt stöðuna sem allra fyrst.


Sveitarstjórn telur það mikilvæga hagsmuni að huga að innviðum í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn hefur áhyggjur af álagi framkvæmda á innviði s.s. vegakerfið. Hún telur að vegakerfið beri ekki þessar framkvæmdir, t.d. upp að Blöndu. Sveitarstjórn leggur því áherslu á að við undirbúning framkvæmda verði að tryggja að þær hafi ekki neikvæð áhrif á innviði innan sveitarfélagsins.

Raforkukerfið	Orka	Atvinna og nýsköpun	Umhverfi	Aðrir þættir
Auka afhendingaröryggi	Aðgengi að orku Orkuskortur	Orka notuð í héraði	Náttúrufegurð	Tími Ekki hægt að bíða lengur
Styrkja flutningskerfið til svæðisins frá Blöndu	Orkuframleiðsla Stækka Blönduvirkjun	Draga að iðnaðarstarfsemi	Draga úr áhrifum atvinnustarfsemi	Tekjustöfn sveitarfélaga
Styrkja meginflutningskerfið	Rannsaka orkukosti á Norðurlandi vestra	Gagnaver	Loftslagsmál	Álag á innviði
Þrífðun rafmagns	Orkuskipti	Styðja við núverandi atvinnurekstur	Hálendisþjóðgarður	
Stækka tengivirkni við Laxárvatn	Hagstætt verð	Landbúnaður Ylraekt		
Styrkja flutningskerfið að Laxárvatni	Óvissa um aðgengi	Fullvinnsla afurða		
Forgangsraða fjárfestingum til Húnabyggðar	Glatvarmi	Ferðapjónusta		Hagsmunir byggðir á fyrirbyggjandi gögnum
	Skortur á heitu vatni	Hátæknifyrirtæki		Hagsmunum sem sveitarstjórn bætti við
	Rafeldsneyti	Atvinnutekjur		Hagsmunir sem sveitarstjórn taldi ekki eiga við
		Grænn iðngarður		
		Engin stóriðja		

Mynd 3 Greining hagsmuna og viðbætur sveitarstjórnar Húnabyggðar

2.3 Forgangsroðun hagsmuna

Sveitarstjórn lagði fram tillögu að forgangsroðun hagsmuna varðandi mikilvægi fyrir sveitarfélagið.




Mynd 4 Forgangsroðun hagsmuna í Húnabyggð

Sveitarstjórn valdi eftirfarandi hagsmuni sem þá mikilvægustu sem tengjast raforkumálum í sveitarfélaginu. Hagsmunum var ekki sérstaklega raðað eftir mikilvægi.

- 1. Tekjustofn sveitarfélaga.** Það er grundvallaratriði að tryggja að sveitarfélög fái tekur af innviðum og orkumannvirkjum sem eru innan sveitarfélagsmarka. Ávinningur sveitarfélaga þarf að vera til staðar til að heimila uppbyggingu slíkra innviða. Mikilvægi tekjustofns er enn meiri þar sem ekki er öruggt að orkan verði nýtt í sveitarfélaginu.
- 2. Orka notuð í héraði.** Grunnur að því að efla atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu er að tryggja aðgengi að orku í sveitarfélaginu. Orka sem er framleidd í sveitarfélaginu verði notuð í sveitarfélaginu, þ.e.a.s. að sveitarfélagið fái ákveðinn forgang á nýtingu hennar.
- 3. Tími – hefja framkvæmdir strax.** Húnabyggð hefur beðið lengi eftir bættu aðgengi að raforku. Sveitarfélagið er í ákveðinni varnarstöðu, þar sem erfitt er að keppa við sveitarfélög sem hafa aðgengi að raforku. Mikilvægt er að flýta framkvæmdum eins og kostur er.
- 4. Gagnaver.** Sveitarstjórn leggur áherslu á að unnt verði að stækka starfsemi í tengslum við gagnaver. Um er að ræða starfsemi sem er á svæðinu og mikilvægt að styðja við þróun hennar og stuðla að því að hún geti vaxið. Huga þurfi að forgangsroðun framkvæmda til að bæta stöðuna sem fyrst.
- 5. Styrkja flutningskerfið að Laxárvatni.** Forgangsroðun framkvæmda þarf að vera með því sjónarmiði að tryggja að hægt verði að flytja orku frá Blöndusvæðinu að tengivirkinu í Laxárvatni.

2.4 Samanburður valkosta m.t.t. hagsmuna

Sveitarstjórn mátaði helstu hagsmuni Húnabyggðar við megin valkosti til skoðunar vegna Holtavörðuheiðarlínu 3, sem eru byggðaleiðin, heiðaleiðin og svo að ráðast ekki í framkvæmdir, þ.e. núll kostur.



Mynd 5 Samanburður sveitarstjórnar Húnabyggðar um hvor leiðin henti betur fyrir valda hagsmuni

Niðurstaða sveitarstjórnar var að byggðaleiðin falli betur að hagsmunum Húnabyggðar en heiðaleiðin. Þá var það niðurstaða að núll-kostur komi ekki til greina að mati sveitarstjórnar, þar sem þörfin fyrir styrkingu kerfisins og auknu aðgengi að orku væri veruleg og nauðsynleg.

- 1. Tekjustofn sveitarfélaga.** Varðandi hagsmuni um að tryggja að sveitarfélagið fái tekjur af flutningskerfinu, þá er ekki munur á valkostunum heiðaleiðin og byggðaleiðin.
- 2. Orka notuð í héraði.** Með byggðaleiðinni verður 220 kV lína tengd við Laxárvatn, sem tryggir betur aðgengi að orkunni á svæðinu. Þá þyrfti fyrsti áfangi framkvæmda að tengja Blönduvirkjanir við það tengivirki, sem stuðlar að því að orka í héraðinu nýtist í sveitarfélaginu.
- 3. Tíminn.** Byggðaleiðin er líklegri að leiða til minni andstöðu aðila vegna náttúruverndarsjónarmiða. Þar af leiðandi mun hún taka styttri tíma í undirbúningi og unnt að hefja framkvæmdir sem fyrst. Lögð er áhersla á að fyrsti áfangi framkvæmda verði tenging milli Blönduvirkjunar og Laxárvatns.
- 4. Gagnaver.** Sveitarstjórn telur að byggðaleiðin tengi betur aðgengi gagnavers og annarrar starfsemi að raforku.
- 5. Styrkja flutningskerfið að Laxárvatni.** Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að hefja framkvæmdir sem fyrst við að tengja Blönduvirkjun og Laxárvatn. Sú áfangaskipting fellur betur að byggðaleiðinni en heiðaleiðinni.

3 Umræður á opnu húsi

Þann 15. nóvember var haldið opið hús, þar sem gestum gafst kostur á að ræða um fyrirhugaðar framkvæmdir, hagsmuni í héraði og áherslur sem mikilvægt er að fjalla um í umhverfismati. Alls mættu 16 gestir. Eftirfarandi er samantekt á umræðu sem fór fram á opna húsinu:

- Hvað er hægt að gera til að tengja Laxárvatn sem allra fyrst?
- Mikilvægt að skoða mismunandi útfærslu á byggðaleiðinni.
- Umræða um kosti og galla valkostanna. Mismunandi skoðanir komu fram.
- Eru helstu kostir heiðarleiðar að hún er styttri og fer um land í eigu opinberra aðila?
- Hvað er hátt hlutfall þjóðlenda á línuleiðum?
- Er raforka til staðar til að breyta ljósamyndum Landsnets?
- Hvar er ráðgert að hafa námur? Hvert er umfang þeirra? Hvernig verður álag á vegum/slóða vegna efnisflutninga og flutninga mastra og leiðara?
- Líklegt að framkvæmdirnar verði fyrst og fremst til þess að auðvelda að flytja meiri orku af svæðinu.
- Þarf fleiri gagnaver, er það besta nýting raforkunnar?
- Hvenær geta framkvæmdir hafist?
- Er munur á öryggi milli valkosta?